

# Fundargerð samráðsfundar

## Stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga

Árið 2011, föstudaginn 14. október kl. 12:30 var haldinn árlegur samráðfundur stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga í H-sal, Hilton Reykjavík Nordica hóteli í Reykjavík.

Fundinn sátu af hálfu stjórnar sambandsins: Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, Aldís Hafsteinsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín R. Líndal, Guðríður Arnardóttir og Gunnlaugur Stefánsson.

Af hálfu landshlutasamtakanna sátu fundinn: Bjarni Jónsson, formaður SSNV; Albertína F. Elíasdóttir formaður og Friðbjörg Matthíasdóttir varformaður FV; Valdimar O. Hermannsson formaður og Björn Hafþór Guðmundsson framkvæmdastjóri SSA; Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH; Gunnar Þórarinnsson formaður og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri SSS; Sveinn Kristinsson formaður og Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri SSV; Bergur Elías Ágústsson formaður og Pétur Þór Jónasson framkvæmdastjóri EYPING; Elva Dögg Þórðardóttir formaður og Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundinum stýrði Halldór Halldórsson, formaður sambandsins.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Ávarp formanns sambandsins

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann kynnti fyrirkomulag fundarins og óskaði eftir því að fulltrúar landshlutasamtakanna kynntu helstu verkefni þeirra og þau verkefni sem sambandið gæti aðstoðað landshlutasamtökin við í stuttum, hnitmiðuðum ræðum. Síðari hluta fundarins færi fram samræða og skoðanaskipti um verkefni landshlutasamtakanna og sambandsins.

### 2. Verkefni landshlutasamtakanna

**SSA:** Björn Hafþór Guðmundsson framkvæmdastjóri – Meginverkefni þessa árs hefur verið undirbúningur að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar Austfirskar stoðstofnarnir (AST), sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) verður hluti af. Væntingar standa til þess að með þessu verði flókið kerfi stoðstofnana gert einfaldara. Óskað eftir því að sambandið leggi lið við að tryggja framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reksturs SSA. Björn Hafþór sagði að hann myndi láta af störfum fyrir SSA um næstu áramót og þakkaði góð samskipti við önnur landshlutasamtök og sambandið.

**FV:** Albertína F. Elíasdóttir formaður – Aðalverkefnið hefur verið barátta fyrir vegabótum og láglandisvegi á sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig verið að

skoða sameiningu stoðstofnana, líkt og hjá SSA. Áhyggjur eru af heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum og niðurskurði á fjárveitingum til hennar. Þá er óvissa með hvernig staðið verður að úthlutun svokallaðra safnliða á fjárlögum, sem hefur nú færst frá Alþingi til ráðuneyta.

**SSS:** Gunnar Þórarinsson formaður – Stofnað hefur verið atvinnuþróunarfélag á starfssvæði SSS. Mikið atvinnuleysi er á Suðurnesjum og er það vandamál sem sveitarstjórnarmenn hafa miklar áhyggjur af. Samtökin hafa fengið styrki frá stækkunardeild ESB – til þess að gera úttekt á Suðurnesjum sem atvinnusvæði í víðu samhengi. Horft verður til sveitarfélags í Finnlandi í þessu sambandi, sem er líkt Suðurnesjasvæðinu á margan hátt.

**SSNV:** Bjarni Jónsson formaður – Meginverkefnið um þessar mundir er vinna við gerð sóknaráætlunar landshlutans, sem er flókið og yfirgripsmikið verkefni. Lögð áhersla á að landshlutasamtökin fái aukið hlutverk í stoðkerfi atvinnulífsins. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA er af hinu góða og þar þarf að halda fram hagsmunum sveitarstjórnarstigsins. Frumkvæði sambandsins í greiningu á frumvarpi til fjárlaga 2011 fagnað. SSNV fer með verkefni þjónustusvæðis málefna fatlaðra í landshlutanum.

**EYPING:** Bergur Elías Ágústsson formaður – Auka þarf vægi landshlutasamtakanna og stjórn sambandsins verður að taka það mál upp á sína arma. Unnið að gerð sóknaráætlunar landshlutans. Hvatt til þess að stjórn sambandsins taki málefni heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni upp við ríkisstjórn og fjárveitingarvald – vegið að grunnstoðum samfélagsins með niðurskurði til heilbrigðisstofnana og það gert án alls samráðs við heimamenn.

**SSH:** Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri – Meginverkefnið hafa verið í fyrsta lagi viljayfirlýsing um almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem gert er ráð fyrir því að ríkisvaldið leggi fram 10 ma.kr. til verkefnisins á næstu 10 árum gegn frestum vegaframkvæmda; og í öðru lagi framtíðarskipulag SSH og þar hefur allt verið lagt undir – byggðasamlögin sem aðildarsveitarfélögin standa að og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. SSH stóð fyrir hugmyndasmiðju um aukið samstarf sveitarfélaganna almennt. Sérstakir verkefnahópar hafa síðan farið yfir þær hugmyndir sem fram komu í hugmyndasmiðjunni og eru um þessar mundir að skila af sér verkefnatillögum, sem kynntar hafa verið byggðarráðum aðildarsveitarfélaganna.

**SSV:** Sveinn Kristinsson formaður - Aðalverkefni samtakanna nú er skipulag almenningsamgangna á svæðinu og samningur við ríkið um það verkefni. Það hefur áhrif á starfsemi samtakanna að starfssvæðinu eru 2 háskólar og 3 framhaldsskólar og stærsta stóriðjusvæði landsins. Umhverfismálin eru ofarlega á baugi og samtökin vilja að starfsemi ýmis konar eftirlitsstofnana verði flutt út um landið, það skapar störf heima í héraði og gerir eftirlitið skilvirkara.

**SASS:** Elva Dögg Þórðardóttir formaður – Unnið af fullum krafti við gerð sóknaráætlunar fyrir landshlutann. Vætanleg er skýrsla um eflingu sveitarstjórnarstigsins á Suðurlandi. Mennt hafa áhyggjur af heilbrigðisþjónustu og niðurskurði á fjárveitingum til hennar. Vöntun á

hjúkrunarrýmum á Suðurlandi er ofarlega í hugum manna. Huga þarf að tímasetningu viðburða og samræma með ráðuneytum og öðrum opinberum stofnunum, svo áhugaverðir fundir og ráðstefnur rekist ekki á.

### **3. Samræður um verkefni sambandsins og landshlutasamtakanna**

Til máls tóku Halldór Halldórsson, Valdimar O. Hermannsson, Bjarni Jónsson, Dagur B. Eggertsson, Bergur Elías Ágústsson, Elín R. Líndal, Þorvarður Hjaltason, Hrefna B. Jónsdóttir, Gunnar Þórarinsson, Björn Hafþór Guðmundsson, Albertína F. Elíasdóttir og sum oftast en einu sinni.

Rætt var um stefnumótun í heilbrigðisþjónustu og skilgreiningu á grunnþjónustu sem þarf að vera til staðar í hverjum landshluta; eftirlitsstofnanir og einföldun stoðkerfis ríkis og sveitarfélaga úti um landið; almenningsamgöngur og yfirtöku landshlutasamtakanna á þeim; innanlandsflug og staðsetningu flugvallar á suðvesturhorni landsins; úthlutun af safnliðum ráðuneyta; vaxtarsamninga og sóknaráætlanir landshluta; tíðni funda stjórnar með fulltrúum landshlutasamtakanna o.fl.

### **4. Fundarlok**

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, greindi frá því að fyrirhugaður væri fundur forystumanna sambandsins með velferðarráðherra og þar yrðu tekin upp málefni heilbrigðisþjónustunnar og önnur þau mál sem rædd voru á fundinum og heyra undir velferðarráðherra.

Formaður sambandsins þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og kvaddi sérstaklega Björn Hafþór Guðmundsson, framkvæmdastjóra SSA, sem mun láta af störfum um næstu áramót og hætta þar með afskiptum af sveitarstjórnarmálum eftir áralanga þátttöku á þeim vettvangi.

Halldór sleit síðan fundi kl. 14:00.